

Eftirgjöf skulda
og ýmis álitamál því tengd
námskeið hjá FLE
6. apríl, 2009, kl. 13-16
Fyrir þig til fróðleiks

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Skattalögfræðingur

Inngangur

- Við eftirgjöf kröfu þarf skuldari ekki að greiða lán/skuld er hann tók/stofnað til
 - Skuldari sleppur semsé við að greiða til baka fjárhæð sem hann fékk að láni/stofnaði til
- Þetta getur bæði gerst beint eða óbeint
 - Með yfirlýsingu frá kröfuhafa til skuldara
 - Vanlýsingu. Skv. því ferst fyrir að lýsa kröfu í bú
 - Fyrningu. Kröfuhafi lætur hjá líða að innheimta kröfu
- Við almenna eða sérstaka niðurfellingu

Almenn niðurfelling

- Almenn niðurfelling í tengslum við allsherjaruppgjör á eignum og skuldum við
 - Greiðsluaðlögun
 - Nauðasamninga
 - Gjaldþrotaskipti
- Við þessar aðstæður standa allir kröfuhafar jafnt að vígi og ekki orkar tvímælis hvert raunverulegt verðmæti eigna og skulda er
- Þær kröfur sem ekki fást greiddar við uppgjörið eru því taldar **sannanlega** tapaðar

Sérstök niðurfelling

- Með sérstakri niðurfellingu er átt við að ákveðinn kröfuhafi eða kröfuhafar gefi eftir **tiltekna** skuldir
- Við slíkar aðstæður fer því ekki fram formlegt mat á raunverulegri stöðu skuldara
- Eðlilega ríkir því meiri óvissa um eiginlegt verðmæti eftirgefina skulda við slíkar aðstæður en þegar um almenna niðurfellingu er að ræða

Skoðum þetta dæmi

- Í dag er 28. des. 2008. Lög nr. 46/2009 hafa ekki enn verið sett. A situr heima í stofu og er að fara yfir fjármál sín
- Samkvæmt nýlegu yfirlit um eignir sínar og skuldr liggur fyrir að A skuldar meira en hann á
- Eftir því að dæma er eigið fé hans neikvætt. Hingað til hefur hann rétt getað staðið í skilum
- Vegna tekjusamdráttar er hins vegar viðbúið að vanskil munu verða alveg á næstunni nema honum takist að **semja um eftirgjöf skulda**
- Okkar hlutverk er að gera A grein fyrir skattalegum afleiðingum þess sem skuldara og kröfuhafa hans

Skuldarinn A

- Hvað segja gildandi skattalög (TSL) um stöðu hans
- Í 3. tölul. 28. gr. er að finna ákvæði sem fjallar um afleiðingar þess að gefa eftir skuldir og hljóðar það svo:
- **Til tekna telst ekki ...** (Inngangur ákvæðisins)
 3. **Eignaauki** sem stafar af **eftirgjöf skulda** við **nauðasamninga**, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við **atvinnurekstur skattaðila**
- Einfallt en samt ... flókið

Túlkun

- A hrósar happi yfir að vera ekki atvinnurekandi því samkvæmt hljóðan ákvæðisins virðist eftirgjöf skulda fortakslaust teljast til tekna hjá þeim
- Hins vegar veltir hann fyrir sér hvort skilyrði sé að hann þurfi endilega að leita nauðasamninga við lánadrottna sína – það er jú svo þunglamalegt kerfi
- Hann spyr sjálfan sig því hvort ekki sé nóg að fara bara í greiðsluaðlögun

Óvissa

- Ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga er eins og áður segir óskýrt. Vegna þessa er nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um ákvæðið
 - Hvenær var það sett, hvaða tilgangi gegndi setningin og hvernig hefur ákvæðið verið túlkað í áranna rás
 - Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að horfa til stöðu 3. tölul. 28. gr. gagnvart öðrum ákvæðum skattalaganna eins og td. 7. gr. (Hvað eru tekjur?)

Uppruni 3. tölul. 28. gr. TSL

- Ákvæði um eftirgjöf skulda kom fyrst í skattalög árið 1935, sbr. c-lið 9. gr. (var d-liður 10. gr. í frumvarpinu) laga nr. 6/1935 er hljóðaði svo:
- Til tekna telst ekki:
 - Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda **sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðsamninga eða á annan fullnægjandi hátt , að eignir voru ekki til fyrir.** Eftirgjöf skulda telst **þó** til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi →FORGNNGSGREGLA

Tilgangurinn

- Í frumvarpi til laga nr. 6/1935 er takmarkaðar upplýsingar að finna um tilgang ákvæðsins
- Þannig segir það eitt að með setningu ákvæðisins sé verið að festa í sessi ákveðna framkvæmdarreglu, sbr. eftirfarandi texta
 - „í d-lið er bætt við því ákvæði að eftirgjöf skulda teljist ekki til tekna með vissum takmörkunum, og er þar einnig farið eftir því, hvernig skattalögin hafa verið framkvæmd í þessu efni.“
- Af þessu verður ráðið að skattyfirvöld hafi talið sér heimilt að horfa fram hjá eftirgjöf skulda við skattlagningu ef niðurfellingin myndaði ekki eignaauka það er eignir umfram skuldir

Athugum nú þróunina

- Ákvæði c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935 hélst óbreytt þar til lög nr. 40/1978 voru sett, sbr. lög nr. 75/1981 og nú lög nr. 90/2003
- Þá var hljóðan ákvæðisins breytt í núverandi horf, sbr. 3. tl. 28. laga nr. 90/2003 er hljóðar svo:
 - **Eignauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila**
- Berum saman þessi ákvæði og reynum að átta okkur á því hvort einhver breyting hafi verið gerð

SAMANBURÐUR

- Ákvæði c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935 var almenns eðli, það er tók til allra
- Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 virðist búið að henda atvinnurekndum út, sbr. orðalagið **enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila**
- Loks er búið að fækka þeim tilvikum sem veitt geta rétt á undaþágu frá tekjum úr mörgum tilvikum **(gjaldþrot, nauðsamningar eða á annan fullnægjandi hátt) í eitt tilvik (nauðsamninga)**

Ályktun

- Það fyrsta sem við þurfum að spyrja okkur er hvort búið sé að þrengja ákvæðið, það er takmarka það við einstaklinga og fækka þeim tilvikum sem veitt geta rétt á undanþágu
- Í því skyni könnum við greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1978 og umræður á Alþingi
- **Skv. þessum gögnum átti allt að vera óbreytt.** Við skýringu á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 göngum við semsé útfrá því að hún hafi sömu merkingu og c-liður 9. gr. laga nr. 6/1935

Niðurstaða

- Eftirgjöf skuldar, sem ekki myndar eignaauka, það er eignir umfram skuldir, telst ekki til tekna
- Í því sambandi gildir einu máli hvort hlutað-eigandi er einstaklingur eða atvinnurekandi
- Ekki skiptir heldur máli við hvaða aðstæður skuldin er gefin eftir, sbr. þó forgangsregluna
 - Kemur fram sem laun, arður eða gjöf (vinargreiði)
- **Aðalatriði er semsé að skuldin sé verðlaus**

Þetta er dæla Ásmundur!

- Að minnast kosti hvað atvinnurekendurnar varðar. Eftirgjöf hjá þeim telst ávallt til tekna, punktur basta
- Ok, ég verð þá að rökstyðja þetta aðeins frekar og í því skyni ber ég saman stöðu 3. tölul. 28. gr. skattalaga gagnvart 1. mgr. 7. gr.
- Ákvæði 1. mgr. 7. gr. fjallar um það hvaða gæði teljast tekjur. Eru það umfram allt efnahagsleg gæði, það er gæði sem hafa markaðsverð, sbr. hljóðan ákvæðisins

Tekjur eru efnahagsleg gæði sem hægt er að meta til peningaverðs

- **II. kafli. Skattskyldar tekjur.**
- *Almenn ákvæði.*
- **7. gr.** Skattskyldar **tekjur** teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, **hvers konar gæði**, arður, laun og hagnaður **sem skattaðila hlotnast** og **metin verða til peningaverðs** og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem: ...

Frekari rök

- Ákvæði 28. gr. gegnir umfram allt þeim tilgangi að undanþiggja ákveðin efnahagsleg gæði skattlagningu
- Þetta er skiljanlegt vegna þess að hafi gæði ekkert gildi markaðslega er engin þörf á að undanþiggja þau skatti
- Verðmæti gæðanna er einfaldlega 0 kr. þegar svona stendur á. **Þetta á við um verðlausar kröfur**
- T.d. getur maður ekki notað verðlausar kröfur til að greiða með hlutafjánhækkun
- Þetta fékk Magnús Hreggviðsson að reyna, sbr. dóm Hæstaréttar, sællar minningar

Réttarframkvæmd

- HRD 1997/602. (Frjálst framtak, greiðsla á hlutafjánhækkun með verðlausum/-litlum skuldabréfum útgefnum af Magnúsi Hreggviðssyni).
- Deilt var um frádráttarbærni arðs frá tekjuskattsstofni hlutafélags skv. áðurgildandi lögum en hann nam 10% af nafnverði útgefins hlutafjár
- Á árunum 1985-1988 var hlutafé Ff hækkað um 44.400.000 kr. og var hækkunin greidd með þremur skuldabréfum, einu að fjárhæð 2.400.000 kr. dags. í des. 1985 til sex ára, öðru að fjárhæð 30.000.000 kr. dags. í ágúst 1987 til 17 ára og þriðja að fjárhæð 12.000.000 kr. dags. í nóv. 1988 til fjórtán ára.
- Hæstiréttur taldi að greiðsla hlutafjánhækkunarinnar fullnæði ekki þeirri kröfi hlutafélagalaga, að greiðsla hlutar mætti ekki nema lægri fjárhæð en nafnverði þar sem skuldabréfin báru **hvorki vexti eða verðbætur né voru tryggð með veði eða ábyrgð** og voru því ekki markaðshæf, sem þýðir að ekki var unnt að meta þau til peningarverðs svo sem krafist er í 1. mgr. 7. gr. skattalaga

Bókhald eftirgjafar þegar ...

- Kröfuhafi (fyrirtæki) er gefur eftir skuld, sem raunverulega er töpuð, færir hana í gegnum reksturinn. Þar sem skuldin er töpuð er hún semsé dregin frá tekjum
- Skuldari (fyrirtæki) sem fær kröfu eftirgefna gerir þetta eins. **Þar sem eftirgjöfin telst ekki til tekna, krafan er jú verðlaus, er óhjákvæmilegt að leiðrétta skattskiln**
- **Við þessa leiðréttingu geta komið upp ýmis álitamál**
 - Lán kann að hafa verið tekið til kaupa á vörum, neyslueignum, varanlegum rekstrarjármunum svo dæmi sé tekið. Þessi kaup hafa verið gjaldfærð í rekstrinum
 - Gjaldfærslan kann að hafa myndað tap og ef lánið verður afskrifað er eðlilegt að menn velti fyrir sér áhrifum þess á tapið
 - **Ber ekki að lækka það er semsé spurning**

Áhrif eftirgjafar skuldar á tapsfrádrátt

- Fyrsta spurningin sem kemur upp í hugann hér er hvort svona takmörkun verði ekki að byggjast á á settum lögum
 - lögmætisreglan – engan skatt án laga o. s. frv.
- Í lögum nr. 68/1971, sbr. 4. másl. 2. mgr. B-liðar 11. gr. var að finna slíka reglu:
 - Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær sem mynduðust þess vegna hefur verið eftirgefið
- Í lögum nr. 90/2003 er enga slíka reglu að finna og því má velta fyrir sér hvort menn hafi ekki frítt spil samkvæmt þeim – Ég hallast helst að því

Önnur lagaákvæði

- Sjá 15. gr. laga nr. 122/1993, en þar sagði:
„Skattaðila, sem fengið hefur að niðurfæra skuldir sem færðar hafa verið niður hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 108/1992 eða hefur fengið eftirgefnar skuldir á grundvelli 33. gr. laga nr. 3/1992, er heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr. og tengjast loðdýrabúskap, um fjárhæð sem nemur niðurfærslunni eða eftirgjöfinni. **Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessu ákvæði og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.“**

FORGANGSREGLAN

- Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin **kemur fram** sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi – sjá niðurlag c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935
- Telja verður að þessi reglan sé enn í fullu gildi, sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. TSL
- Orðalagið „**kemur fram**“ merkir „**í eðli sínu**“ og vísar þannig til **raunveruleikareglunnar** sem mælir svo fyrir um að efnið skuli hafa forgang umfram formið
- Nánar tiltekið er um að ræða undanþágu frá meginreglu. **Samkvæmt því gengur undanþágan frammar almennu reglunni um að skattskylda eftirgjafar sé háð því að skuldari eigi fyrir skuldum**

Sönnunarfærsla

- Eftir setningu 2. mgr. 11. gr. skattalaga hefur þýðing þessa að því er hluthafalán minnkað
- Þau eru jú almennt óheimil að verði aðili uppvis að þeim ber að skattleggja þau sem laun eða gjöf
- Í raun reynir því ekki á forgangsregluna nema þegar um launþega og óviðkomandi aðila er að ræða
- **Almennt telst lán vera almenns eðlis svona fyrsta kastið. Það þýðir að sönnunarbyrðin fyrir því að það teljist laun/gjöf hvílir á skattyfirvöldum**

Lög nr. 46/2009

Þessi lög öðluðust gildi vorið 2009

1. gr.

- ✓ Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:
 - a.
- ✓ Á eftir orðinu „Eignaauki“ í 3. tölul. kemur: **eða aukning ráðstöfunartekna.**
 - b.
- ✓ Við 3. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauða-samningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o. fl. **Sjá reglugerð nr. 534/2009, sbr. <http://www3.rsk.is/skattalagasafn/?reg=534.2009.0>**

Samantekt

- Eftirgjöf skuldar telst til tekna nema hægt sé að sýna fram á að hún sé verðlaus, það er sannanlega töpuð. Algengast er að þetta sér gert við greiðsluaðlögun, nauðasamninga eða gjaldþrot
- Í öðrum tilvikum hvílir sönnunarbyrðin um verðleysi krafna á skuldara. Hann verður því að taka saman yfirlit yfir heildareignir og skuldir sínar og sýna fram á með óyggjandi hætti að niðurfelling ákveðinnar skuldar skapi ekki **eignaauka** hjá honum
- Eftirgjöf á skuld, sem stendur í sambandi við vinnu, tekjur af eignarhlut í hlutafélagi eða vinargreiða telst hins vegar ávallt til tekna. Í því sambandi gildir semsé einu þótt hún sé verðlaus

Réttarframkvæmd - Ísland

- ÚRN 1068/1968. Eftirgjöf á útsvari ekki talin til tekna hjá skattaðila. - Líklega er þetta eins og dag
- ÚRN 532/1978. Eftirgjöf hlutafélags á skuld fyrirtækisins X talin til tekna hjá fyrirtækinu sem dulbúin arðsúthlutun, þar sem eigandi umrædds fyrirtækis var einn af aðalhluthöfum hlutafélagsins – Þetta er samræmi við forgangsregluna
- ÚRN 962/1981. Eftirgjöf hluthafa á láni sem hlutafélag skuldaði honum talin til tekna hjá hlutafélaginu, þar sem hlutafélaginu tókst ekki að sanna að skilyrði c-liðar 10. gr. laga nr. 68/1971 ættu við – Sönnunarbyrði fyrir verðleysi krafna hvílir semsé á skuldara

Skiptir máli til hvers lán er veitt eða skuld stofnuð?

- Lán eru auðvitað veitt til ýmissra hluta. Sum fara í rekstur/neyslu en önnur eru notuð til kaupa á eignum
- Við mat á skattalegum áhrifum niðurfellingar láns eða skuldar, **sem ekki er töpuð**, má auðvitað spyrja hvort máli skipti til hvers lán er veitt eða vegna hvers skuld stofnast
- Ástæðan fyrir því að svona er spurt helgast af ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2003

2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2003

- Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð,
- + ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur,
- - en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, **eftirgjöfum skulda** og skaðabótum **sem til falla í sambandi við kaup þeirra**, framleiðslu, breytingar eða endurbætur

Spurning

- Hafi lán verið tekið til kaupa á eign eða stofnist skuld vegna vangreiðslu á kaupverði eignar og lánið eða skuldin er síðar gefin eftir er eðlilegt að spurt sé hvort á móti tekjufærslunni sé ekki heimilt að færa niður stofnverð eignarinnar, það er hið upphaflega kaup- eða framleiðsluverð og núlla þannig tekjufærsluna út
- Til er einn gamall úrskurður frá dögum ríkisskattanefndar sem heimilar þetta – fordæmisgildi hans er þó óvíst
 - Sjá ÚRN 383/1963. Eftirgjöf aðflutningsgjalda ekki talin vera skattskyldar tekjur, hins vegar bar að taka tillit til þessa við ákvörðun fyrningarverðs.

Túlkun

- Orðalagið: „sem til falla í sambandi við kaup þeirra“ í ákvæðinu gæti bent til þess að úrslitum ráði hvenær niðurfellingin er ákveðin
- Skv. því verður niðurfellingin að vera ákveðin við kaupin, sbr. úrskurðinn um aðflutningsgjöldin
- Ef niðurfelling er ákveðin síðar t.d. vegna greiðslu-erfiðleika skuldara er því ekki unnt að lækka kaupverð eignar á móti tekjufærslunni
- Gangi svo mál til skattyfirvalda er ómögulegt að fullyrða um niðurstöðu þessa fyrirfram

Gjaldfærsla tapaðra krafna

- Kröfur eru eignir. Frádráttur vegna taps á þeim verður því að byggjast á lögum
- Í 3. tölul. 31. gr. skattalaga er að finna slíka frádráttarheimild og hljóðar hún svo: Frá tekjum af atvinnurekstri má draga ...
 - Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem **beint tengjast** atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.

„beint tengjast“

- **Viðskiptakröfur.** Kröfur sem stofnast t.d. vegna sölu á vörum og þjónustu svo og varanlegum rekstrarfjármunum með gjaldfresti tengjast auðvitað atvinnurekstrinum beint
- **Ábyrgðir** - tengjast einnig beint atvinnurekstri í þeim tilvikum sem ofangreindar kröfur eru seldar með ábyrgð atvinnurekanda. Tap á þeim er því frádráttarbært
- **Lán.** Frádráttarbærni taps á þeim veldur kannski oftast erfiðleikum í framkvæmd og helgast það af því að tilgangur hins vegnjulega atvinnurekanda er sjaldnast að lána fé

Sannanlega tapað

- Tap á kröfu sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 483/1994 telst sannanlegt:
 - Ef krafan er fyrnd eða það sannast á fullnægjandi hátt að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o.þ.h.
 - Ef telja má fullvíst að krafan fáist eigi greidd, enda þótt atvik þau sem um ræðir í a-lið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll rök að liggja til þess að hún sé að fullu töpuð
 - Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, þ.m.t. annarra kröfuhafa, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáist af kröfunni afborganir og vextir né veð fyrir henni og **efnahagur skuldara og afkoma sé þannig að greiðslu verði ekki að vænta**, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi

Kröfur – eignarhlutir í hf.

- Frádráttarbærni krafna (viðskiptaskulda, ábyrgða og lána) getur verið erfiðleikum bundin
- Þess vegna getur verið freistandi að umbreyta þeim í hlutafé
- Þetta er gert með því að samþykkja fyrst hækkun hlutafjár og veita síðan heimild til að greiða hækkunina með umbreytingu á skuld í hlutafé
- Muna Magnús Hreggviðsson. Kröfurnar mega ekki vera verðlausar
- Vegna þessa getur þurft að leggja fram sérfræði skýrslu löggilts endurskoðanda um verðmæti þeirra

Gjaldþrot hlutafélags

- Tap af sölu hlutabréfa má aðeins draga frá hagnaði af sölu hlutabréfa, sbr. 24. gr. TSL
- Þar að auki verður hagnaðurinn og tapið að falla til á sama rekstrarári
- Ef aðili á ekki hagnað til að jafna á má móti tapinu getur hann því ekki nýtt sér frádráttinn
- **Þetta gildir ekki ef hlutafélagið, sem atvinnurekandinn á hlutabréfin í, verður gjaldþrota. Sjá 5. tölul. 31. gr. TSL**
- Slíkt tap er skilyrðislaust frádráttarbært og gildir einu hvernig eignarhald hlutabréfanna er tilkomið
- Ekki er því skilyrði að þau tengist atvinnurekstrinum beint

Um þróunina, sjá lög nr. 104/2010

Lokaorð

- Eins og sést að framan eru ísl. skattalög almennt mjög fáorð um afleiðingar þess að skuld er gefin eftir
- Þau fáu ákvæði sem til eru geta heldur ekki talist skýr. Eðlilegt er því að menn leyti annað til upplýsinga um efnið
- Fyrir okkur er t.d. nærlegt að skoða dönsk lög um efnið þar sem þau byggja á hliðstæðu tekjuhugtaki og okkar lög

Hagnaður og tap af kröfum/skuldum

Kursgevinstloven

- Gevinst på gæld som følge af tvangsakkord eller aftale om en samlet ordning mellem en debitor og dennes kreditorer om bortfald eller nedsættelse af debtors gæld (frivillig akkord) **medregnes ikke ved opgørelsen af den skattepligtige indkomst.** Dette gælder dog ikke i det omfang, **gælden nedskrives til et lavere beløb end fordringens værdi for kreditor på tidspunktet for gældseftergivelsen**, medmindre debitor er skattefri af tilskud ydet af kreditor efter selskabsskattelovens § 31 D. Med gælds-nedsættelse sidestilles hel eller delvis konvertering af gælden til aktier eller konvertible obligationer
- Stk. 2. Stk. 1, 1. pkt., gælder tilsvarende for gevinst på gæld som følge af gældssanering.

Ísl. þýðing

- Hagnaður af kröfu, sem aðila hlotnast í tengslum við nauða-samninga eða samkomulag um lækkun eða eftirgjöf skulda í tengslum við allsherjar skuldaaðlögun milli skuldara og kröfuhafa hans, telst ekki til skattskyldra tekna hans
- Þetta gildir þó ekki ef skuldin er lækkuð meira en markaðsverði hennar nemur fyrir kröfuhafa á þeim tímapunkti sem eftirgjöfin er ákveðin nema því aðeins að skuldari sé undanþegin skatti af framlaginu samkvæmt D-lið 31. gr. félagaskattalaganna
- Umbreyting skuldar að hluta eða að fullu í hlutafé eða skiptiskuldabréf jafngildir eftirgjöf kröfu í þessu sambandi

Um tapskerðinguna

Sjá álagningalögin

- § 15. Såfremt den for et indkomstår opgjorte skattepligtige indkomst udviser underskud, kan dette underskud fradrages i den skattepligtige indkomst for de følgende indkomstår. Fradraget kan kun overføres til et senere indkomstår, i det omfang det ikke kan rummes i tidligere års indkomst.
- Stk. 2. ¹²⁾ Hvis en skattepligtig i et indkomstår opnår en tvangsakkord, **nedsættes uudnyttede, fradragsberettigede underskud** og dernæst uudnyttede, fradragsberettigede tab, der kan fremføres efter reglerne i aktieavancebeskatningslovens § 8, stk. 3, kursgevinstlovens § 31, stk. 3, og ejendomsavancebeskatningslovens § 6, stk. 5, fra det pågældende og tidligere indkomstår **med det beløb, hvormed gælden er nedsat**. Nedsættelsesbeløbet formindskes med den del af skyldnerens indkomst, der hidrører fra den pågældendes frigørelse for gældsforpligtelser. Den resterende del af nedsættelsesbeløbet formindskes endvidere i det omfang, skyldneren efter reglerne i kursgevinstlovens § 8 ikke skal medregne gevinsten på gælden ved indkomstopgørelsen. Nedsættelsen sker med virkning for det indkomstår, hvori tvangsakkorden stadfæstes, og for senere indkomstår. Med gælds-nedsættelse sidestilles hel eller delvis konvertering af gælden til aktier eller konvertible obligationer. Underskuddet nedsættes i disse tilfælde med det beløb, hvormed den konverterede fordrings pålydende overstiger den konverterede fordrings kursværdi på tidspunktet for konverteringen.

Sambærilegt ákv. varðandi einstaklinga er svo í einstaklingskattalögnum

- § 13 a. ³⁾ Opnár en person i et indkomstår en tvangsakkord eller en gældssanering, **nedsættes uudnyttede fradragsberettigede underskud** og dernæst uudnyttede fradragsberettigede tab, der kan fremføres efter reglerne i aktieavancebeskatningslovens § 14, stk. 2 og 3, kursgevinstlovens § 32, stk. 3, og ejendomsavancebeskatningslovens § 6, stk. 5, fra det pågældende og tidligere indkomstår med det beløb, hvormed gælden er nedsat. Nedsættelsesbeløbet formindskes med den del af skyldnerens indkomst, der hidrører fra hans frigørelse for gældsforpligtelser. Nedsættelsen af underskud sker med virkning for det indkomstår, hvori tvangsakkord stadfæstes eller kendelse om gældssanering afsiges, og for senere indkomstår.
- Stk. 2. I det omfang det beløb, hvormed underskuddet skal nedsættes efter stk. 1, ikke er blevet anvendt til nedsættelse af underskud hos skyldneren, skal det bruges til at nedsætte underskud efter reglerne i stk. 1 vedrørende skyldnerens virksomhed hos den samlevende ægtefælle, hvis denne driver den pågældende virksomhed.
- Stk. 3. Ved opgørelsen af virksomhedens underskud hos skyldnerens ægtefælle nedsættes ægtefællens indtægter, der ikke vedrører virksomheden, med ægtefællens udgifter, der ikke vedrører virksomheden.
- Stk. 4. Nedsættelsesbeløbet efter stk. 1, 1.-3. pkt., nedsætter uudnyttet negativ skat af aktieindkomst fra det indkomstår, hvori tvangsakkord eller gældssanering opnås, eller fra tidligere indkomstår. Ved nedsættelse af negativ skat af aktieindkomst modregnes nedsættelsesbeløbet med en skatteværdi på 40 pct. Nedsættelsen sker med virkning for det indkomstår, hvori tvangsakkord stadfæstes eller kendelse om gældssanering afsiges, og for senere indkomstår. Hvis der er et uudnyttet fradragsberettiget underskud og en uudnyttet negativ skat af aktieindkomst, bruges nedsættelsesbeløbet til at nedsætte underskuddet før negativ skat af aktieindkomst, således at den negative skat af aktieindkomst kun nedsættes, i det omfang nedsættelsesbeløbet overstiger underskuddet. Ved anvendelse af stk. 2 nedsættes både underskud og negativ skat af aktieindkomst hos skyldneren, inden nedsættelsesbeløbet bruges til at nedsætte underskud hos ægtefællen.
- Stk. 5. Reglerne i stk. 1-4 finder tilsvarende anvendelse på aftaler om en samlet ordning mellem en skyldner og dennes kreditorer om bortfald eller nedsættelse af skyldnerens gæld (frivillig akkord).

TAKK FYRIR